



NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA  
Fornleifadeild

# Fornleifarannsókn í Búðavík í Arnarfirði

Framvinduskýrsla 2022 og 2023



Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

Atli Rúnarsson

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr. 22-23

Október 2023

**Forsíðumynd:** Yfirlitsmynd yfir uppgraftarsvæðið haustið 2022.

## EFNISYFIRLIT

Myndaskrá .....	4
1. Grunnupplýsingar .....	1
2. Tæknileg atriði .....	2
2.1 Útdráttur .....	2
2.2 Saga svæðisins .....	3
Forsaga rannsóknar .....	4
3.1 Stjórnýsla og fjármögnun .....	6
3. Almennar upplýsingar um rannsóknina árið 2022 .....	6
4.1 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi .....	7
4.2 Stærð og umfang uppgrftar .....	7
4. Framkvæmdarannsóknin í Búðavík.....	8
5.1 Fasi I – Svæði A, B og C .....	10
5.1.1 Svæði A.....	11
5.1.2 Hús 1 .....	12
5.1.3 Svæði B.....	14
5.1.4 Svæði C.....	15
5.1.5 Hús 2 .....	16
5.1.6 Prufuskurður C .....	20
5.2 Fasi II – Öskuhaugur (c. 1450-1650 e. Kr.) .....	22
5.2.1 Öskuhaugur .....	22
5.2.2 Prufuskurður A .....	26
5.3 Fasi III – Svæði D.....	29
5.3.1 Hús 3 .....	29
5.3.2 Prufuskurður B .....	32

---

---

5.3.3	Prufuskurður D.....	33
5.	Gripir .....	34
5.4	Fasi I.....	35
6.2	Fasi II.....	35
6.	NIÐURSTÖÐUR.....	37
7.	Heimildaskrá.....	40
8.	Plan Teikning.....	41
9.	Staðsetning Sniðteikninga teiknað inn á kort.....	42
10.	Skrár.....	44
11.1	Jarðlagaskrá (Contextaskrá).....	44
11.2	Fundaskrá 2022.....	62
11.3	Fundaskrá 2023.....	64
11.5	Sýnaskrá 2022.....	65
11.6	Sýnaskrá 2023.....	65
11.7	Teikningaskrá.....	66
11.8	Ljósmyndaskrá 2022.....	67
11.9	Ljósmyndaskrá 2023.....	85

## MYNDASKRÁ

Mynd 1. Guli punkturinn sýnir staðsetningu Búðavíkur á Vestfjörðum.....	1
Mynd 2. Stækkað uppgraftarsvæði við upphaf rannsóknar við lok sumars 2022. Þar sést í Prufuskurð B fyrir miðju. Drónamynd: James McGovern.....	3
Mynd 3. Veglínur sem voru til skoðunar. Nú [2023] hefur verið ákveðið að fara veglínu D sem er bleik á kortinu. Mynd: Vegagerðin .....	5
Mynd 4. Staðsetning prufuskurða innan svæðis. Drónamynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir..	8
Mynd 5. Uppgraftarsvæðið eftir opnun. Á myndinni er hægt að sjá fasa skiptingu innan uppgraftarsvæðis. Innan gula ferhyrningsins er Fasi 1 og innan þess eru Svæði A þar sem Hús 1 var staðsett, Svæði B á milli húsa og Svæði C þar sem Hús 2 var staðsett. Í rauða ferhyrningnum er fasi 2 þar sem öskuhaugurinn var staðsettur. Innan græna ferhyrningsins er Svæði D þar sem Hús 3 er staðsett.....	9
Mynd 6. Komið niður á náttúrulegan jarðveg [021] undir öskuhaugslögum þar að ofan. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. ....	10
Mynd 7. Uppgraftarsvæðið áður en svæðið var stækkað. Upp er í austur. Drónamynd: James McGovern. ....	10
Mynd 8. Byggingar í Fasa I. Til vinstri er Hús 2 á Svæði C, í miðju er Svæði B og til hægri er hluti af Húsi 1 á Svæði A. Drónamynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.....	11
Mynd 9. Horft yfir Svæði A til suðvesturs eftir fjarlægingu á yfirborðslagi [001]. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.....	11
Mynd 10. Líklegar leifar torfs úr vestur vegg á Húsi 1 er sjáanlegt fyrir miðju. Myndin er tekin í norður. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. ....	12
Mynd 11. Snið tekið í gegnum mögulegan vegg [023] á Húsi 1 og snið teikning 5B. Sniðið snýr í suður. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. Tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. ....	12
Mynd 12. Blandað lag [013] með flötum steinum [016] sjáanlegt innan rýmisins. Horft til austurs. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.....	13
Mynd 13. Mjög hart mögulegt gólflag [017] innan í Húsi A. Myndin tekin í austur. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.....	13

Mynd 14. Við lok uppgrafter á Húsi 1. Myndin tekin í austur og sýnir náttúrulegan jarðveg [044]. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.....	14
Mynd 15. Myndir af Svæði B teknar með dróna. Til hægri er steinahrún [045] og öskuhaugslag [007] sjáanlegt innan hólfins. Til hægri er búið að fjarlægja steinahrún [045] og öskuhauslag.....	14
Mynd 16. Steinhrún [045] á svæði B áður en uppgrafter svæðið var stækkað. Neðst á myndinni sést glitta í öskuhaugslag [007]. Myndin er tekin í austur. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.....	15
Mynd 17. Hér sést hvernig brotalínan skiptist þar sem náttúrulegur jarðvegur er alveg austast og öskuhaugslag [007] þar sem undir því var líklegt hrún úr Húsi 3. ....	15
Mynd 18. Yfirlitsmynd af uppgrafter svæði við upphaf uppgrafter. Þar er að sjá grjóthrun á víð og dreif. Innan gulu brotalínunnar er staðsetning Prufuskurður B frá árinu 2021. Upp er í austur. Drónamynd: James McGovern.....	16
Mynd 19. Veggir á húsi A að koma í ljós. Myndin er tekin í austur. Ljósmynd: Jonathan Buttery. ....	16
Mynd 20. Hér sést hvernig torf og steinahrún [002] hefur breiðst út frá veggjum hússins. Myndin er tekin í norður. Ljósmynd: Kate Fitzpatrick. ....	17
Mynd 21. Blandað brúnt og fjólublátt lag [006] utan við Hús 2 norðan og vestan til sem náði undir vegg hússins. Myndin er tekin í austur. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.....	18
Mynd 22. Mikið grjóthrun sem fyllti rýmið að innan. Erfitt var að greina vegg hússins út frá hrúni. Myndin er tekin í suður. Ljósmynd: James McGovern.....	18
Mynd 23. Innan í Húsi 2 komið niður í náttúrulega sjávarmöl [021]. Þar er einnig sjáanlegt snið innan hólfins sem snýr í vestur. Ljósmynd: Jonathan Buttery.....	19
Mynd 24. Hér er að sjá mögulegt gólflag [038] vinstra megin og lag [019] hægra megin innan hólfins í Húsi 2. Myndin er tekin í vestur. Ljósmynd: Jonathan Buttery.....	20
Mynd 25. Staðsetning á Prufuskurði C í gegnum suður vegg á Húsi 2 á Svæði C. Horft er til norðurs. Ljósmynd: Jonathan Buttery.....	20
Mynd 26. Snið og sniðteikning 1A sem snýr í austur. Sniðið var tekið þvert á suður vegg á Húsi 2. Ljósmynd: Jonathan Buttery. Tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.....	21

---

---

Mynd 27. Vestur hluti uppgraftarsvæðis þar sem öskuhaugslögin voru þykkust. Fyrir miðju er Prufuskurður B þar sem sést steina í veggjum á Húsi 3. ....	22
Mynd 28. Til vinstri: Graf sem sýnir aldursgreiningu á dýrabeini úr öskuhaug. Til hægri: Graf sem sýnir niðurstöður úr aldursgreiningu á ullartextíl. ....	23
Mynd 29. Sniðteikning 5C sem snýr í suður, þar er hægt er að sjá öskuhauslög [015], [043] og [020]. Tölvuteikning: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.....	23
Mynd 30. Snið og sniðteikning 5A sem snýr í suður. Ljósmynd: Kate Fitzpatrick. Tölvuteikning: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.....	24
Mynd 31. Norður helmingur uppgraftarsvæðis kominn niður í náttúrulegan jarðveg sumarið 2023 þar sem öskuhaugslög voru þykkust. ....	25
Mynd 32. Til vinstri: Mynd tekin í norður af prufuskurði A. Þar er hægt að sjá bungu sem talið var vera veggur sumarið 2021. Til hægri: Mynd tekin í norður af sama enda prufuskurðar A. Þar er að sjá lög in halda áfram við alla enda skurðarins.....	26
Mynd 33. Snið sem snýr í austur á Prufuskurði A eftir að skurðurinn var lengdur sumarið 2023. ....	28
Mynd 34. Hús 3 við lok uppgrftar. Upp er í austur. Drónamynd: Kate Fitzpatrick. ....	29
Mynd 35. Snið 6A í gegnum vegg á Húsi 2 til að sýna Hús 3 í sniði og lög utan við húsið. Hús 3 er sjáanlegt í sniði sem snýr í suður (til vinstri á mynd og teikningu). Fyrir miðju í sniði sem snýr í vestur eru lög undir Húsi 2 og til hægri í sniði sem snýr í norður eru lög utan við Hús 3. Ljósmyndir: Jonathan Buttery. Tölvuteikning: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.....	29
Mynd 36. Plan teikning af Húsi 3. Tölvuteikning: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir. ....	30
Mynd 37. Snið sem snýr í norður á Prufuskurði D. Þar sést veggur hússins ásamt mögulegu uppsöfnuðu gólflagi [037]. ....	31
Mynd 38. Uppgraftarsvæðið áður en það var stækkað. Til vesturs, eða neðst á myndinni er endurgrafinn prufuskurður B þar sem sést í steina og torfveggi á Húsi 3. Drónamynd: James McGovern. ....	32
Mynd 39. Prufuskurður D fyrir miðju á Húsi 3. Myndin er tekin í austur. Ljósmynd: Atli Rúnarsson. ....	33
Mynd 40. Sniðmyndir og sniðteikningar sem snýr í suður á Prufuskurði D. Þar sést veggur hússins ásamt náttúrulegum jarðvegi austan megin í skurðinum.....	33

---

---

Mynd 41. Textíll S#(014).....	36
Mynd 42. Sniðteikning 3 og 4 sett saman. Sniðið snýr í vestur og sýnir Svæði A, B og C í sniði. Tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.....	37
Mynd 43. Kolefnisaldursgreining sem fékkst úr textílbút sem fannst árið 2021.....	38
Mynd 44. Myndin sýnir veglínu D sem hefur verið samþykkt og rauði hringurinn er þar sem minjarnar í Búðavík eru og ættu þær ekki að verða fyrir áhrifum af veglagningunni. Mynd: Vegagerðin.....	39



## 1. GRUNNUPPLÝSINGAR

**Rannsóknarnúmer:** 202207-0051

**ÞJMS-númer:** 2022-54, 2023-25

**Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun:** 1883-8

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2018. *Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar. Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (3).* Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 2-18

**Stutt lýsing rannsóknar:** Framkvæmdarannsókn á tóftum og öskuhaug vegna mögulegrar veglagningar um Búðavík við Dynjandisvog í Arnarfirði.


**Tegund rannsóknar:** Framkvæmdarannsókn

**Staðsetning:** Rannsóknarsvæðið er í Búðavík við Dynjandisvogi í Arnarfirði.

**GPS hnit:** ISN93: A 390569 , N 464680

**Leyfishafi:** Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

**Fjöldi starfsmanna:** Sex starfsmenn



Mynd 1. Guli punkturinn sýnir staðsetningu Búðavíkur á Vestfjörðum.

## 2. TÆKNILEG ATRÍÐI

### 2.1 Útdráttur

Vegagerðin óskaði eftir því að Náttúrustofa Vestfjarða framkvæmdi rannsókn á minjum í Búðavík vegna mögulegrar veglagningar á svæðinu. Minjar höfðu fundust við fornleifa-skráningu sem gerð var fyrir veglagninguna árið 2018.<sup>1</sup> Árið 2021 voru svo gerðir tveir könnunarskurðir í meintan bæjarhól [1833-8].<sup>2</sup> Auk þess voru gerðir 3 skurðir í tvær byggingar á svæðinu sem voru með hellulögðu gólfi og hafa líklega verið beitarhús.<sup>3</sup>

Í skurði A var talið að fundist hafði torfveggur, sem kom í ljós með frekari rannsókn sumarið 2022 að svo var ekki, og ruslalag. Skurður B var tekinn sunnar á minjahólnum, þar kom í ljós torf og grjót sem virtist koma úr byggingu ofar á hólnum sem hafði verið raskað þegar núverandi vegur var gerður. Undir því lagi kom í ljós þykkur öskuhaugur, sem hafði að geyma móösku, bein, kol og gripi. Undir öskuhaugnum komu í ljós veggir sem voru gerðir úr torfi og grjóti (Hús 3). Sýni úr öskuhaugnum voru aldursgreind og reyndust vera frá 1450-1650 og eru veggirnir sem komu í ljós undan haugnum væntanlega eldri.<sup>4</sup>

Svæði yfir minjahólnum og var opnað og kom í ljós vestur endi tveggja tófta með veggjum úr torfi og grjóti en restin af tóftunum liggur undir Vestfjarðaveginum. Í fyrstu var talið að á þessu svæði væri ein tóft sem hafði þrjú hólf. Við frekari rannsóknir voru gólfög sjáanleg í nyrðra og syðra hólfinu og einungis stórir steinar, blandað hrun og öskuhaugur í miðju. Var því ljóst að þarna voru staðsett tvær tóftir (Hús 1 og Hús 2) með bili á milli. Tóftirnar höfðu skemmst mikið þegar Vestfjarðavegurinn var lagður og flast út að einhverju leiti. Þessar tóftir hafa verið túlkaðar sem einhverskonar skepnuhús og virðast hafa verið byggðar ofan á öskuhaugslögum og er þar af leiðandi yngri en hann. Undan öskuhaugnum var Hús 3 sem hafði grjóthlaðna veggi sem voru með einhverjar slitrur af torfi og hún því væntanlega eldri en öskuhaugurinn. Líklega var þarna annað skepnuhús eða naust.

Ekki gafst tími til að klára rannsóknina árið 2022 vegna veðurs og því ákveðið að klára hana sumarið 2023. Í byrjun sumars 2023 var haldið áfram við að taka öskuhauginn niður í

<sup>1</sup> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2018.

<sup>2</sup> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2021.

<sup>3</sup> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2021. Bls. 17.

<sup>4</sup> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2021.

náttúrulegan jarðveg þar sem ekki gafst tími í það vegna veðurs árið áður, en rannsóknin stóð yfir fram undir lok október. Þar að auki var prufuskurður A lengdur enn lengra í gegnum malarhólinn sem var staðsettur þar norðan við uppgraftarsvæðið.



Mynd 2. Stækkað uppgraftarsvæði við upphaf rannsóknar við lok sumars 2022. Þar sést í Prufuskurð B fyrir miðju. Drónamynd: James McGovern.

## 2.2 Saga svæðisins

Fyrstu heimildir um Dynjanda eru frá miðöldum en á 15. 16. og 17. öld var jörðin Dynjandi mest í eigu ríkismanna sem búsettir voru utan Arnarfjarðar. Dynjandi var að fornu mati 18 hundraða jörð<sup>5</sup> og árið 1847 var jörðin enn 18 hundruð og þá var með talin eyðijörðin Búðavík.<sup>6</sup> Búðavík var hjáleiga frá Dynjanda og var talið að hún hafi verið farin í eyði fyrir 1650.<sup>7</sup> Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sagði „... að útgangur sé í betra lagi. Skógur til raftviðar er ennþá bjarglegur, en eyðist þó. En til kolagerðar og eldiviðar ennþá nægur, og brúkar ábúanda átölulaust til búnaðsýna sinna. Torfrista og stúnga er lök og lítt nýtandi. Móskurður til eldiviðar er nægur. Selveiði lítil og varla með hlunnindum teljandi.“<sup>8</sup> Í

<sup>5</sup> Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984.

<sup>6</sup> J. Johnsen, 1847.

<sup>7</sup> Árni Magnússon & Páll Vídalín. 1984. Bls. 15-18.

<sup>8</sup> Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984. Bls. 15-18.

sóknarlýsingu Rafnseyrarkirkjusóknar 1839 var sagt að bærinn Dynjandi tæki „*nafn af stórum fjallfossi árinna, sem rennur hjá bænum*.“<sup>9</sup> Er þá eflaust átt við að hann steypist ofan af fjallsbrún. Bærinn Dynjandi stóð í nánd við ós árinna þar sem sést í rústir, en síðustu ábúendur fluttu þaðan 1951.<sup>10</sup>

Fyrir botni Dynjandisvogs er Búðavík nyrst. Þar var á öldum áður hjáleiga frá Dynjanda en féll hún í auðn fyrir 1650.<sup>11</sup> Í vikinni voru seinna beitarhús<sup>12</sup> og verbúðir selveiðimanna.<sup>13</sup> Vera má að vikin dragi nafn af slíkum búðum en hér mátti forðum heyra glaða hlátra og glímuskelli fengsælla selveiðimanna á kyrrum vetrarkvöldum. Að sögn kunnugra eru hjáleigutóftirnar aðeins nær bænum en tóftir beitarhúsanna alveg við fjöruna.<sup>14</sup>

Í örnefnaskrá Dynjanda segir „*Þessi hjalli nær inn að vík, sem heitir Búðavík, og var búið þar endur fyrir löngu, síðan var þar útræði og einnig beitarhús*“<sup>15</sup>. Í annari örnefnaskrá er eftirfarandi sagt um Búðavík „*Undir Víkurbökkum er Búðavíkin, sem áður er getið. Það er falleg vík með bröttum bökkum og sléttum botni. Þar er aðdýpi. Í örnefnaskrá AG segir, að þarna hafi verið búið fyrir 1650, síðan hafi verið þar útræði og beitarhús. Þarna sér fyrir tóftum Búðarvíkurtættum og heldur innar Beitarhúsatættum. Ekki voru beitarhús þarna þegar Jóhann vissi til, en afi hans mun hafa notað þau. Í kring um tættur eru sléttar grasi grónar flatir*“<sup>16</sup>

### 3. FORSAGA RANNSÓKNAR

Fornleifaskráning fór fram í Búðavík við Dynjandisvog árið 2013 að beiðni Umhverfisstofnunar en samstarfsaðilar voru jafnframt Ísafjarðarbær, RARIK og Arnfirðingafélagið. Var þá jörðin Dynjandi skráð og tilheyrir Búðavík við Dynjandisvog Jörðinni Dynjanda.<sup>17</sup> Árið 2018 var svo unnið að fornleifaskráningu vegna Vestfjarðarvegar [60] um Dynjandisheiði og var sama svæði skráð.<sup>18</sup>

<sup>9</sup> Sóknarlýsingar Vestfjarða II. Ísafjarðar- og Strandasýslur, 1952.

<sup>10</sup> Kjartan Ólafsson, 1999.

<sup>11</sup> Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984. Bls. 9-10.

<sup>12</sup> Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984. Bls. 9-10.

<sup>13</sup> Kjartan Ólafsson, 1999. Bls. 34.

<sup>14</sup> Kjartan Ólafsson, 1999. Bls. 34.

<sup>15</sup> Örnefnaskrá Dynjanda. Ari Gíslason.

<sup>16</sup> Örnefnaskrá Dynjanda Jóhann Guðmundsson.

<sup>17</sup> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2013.

<sup>18</sup> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2018.

Nú stendur yfir skipulagsvinna á vegum framkvæmdaaðila þar sem þarf að ákveða hvar vegur á að liggja um svæðið. Í tillögum að breytingum á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar eru tveir valkostir settir fram um veg í Dynjandisvogi. Valkostur eru að fara upp sneiðing ofan við Búðavík (veglína F) eða fara um núverandi veg um Búðavík og þá með breiðari vegi (veglína D).



Mynd 3. Veglínur sem voru til skoðunar. Nú [2023] hefur verið ákveðið að fara veglínunni D sem er bleik á kortinu. Mynd: Vegagerðin

Sumarið 2021 fór fram framkvæmdarannsókn þar sem grafnir voru fimm profuskurðir til að athuga hvort mannvistarlög væri að finna í hinum meinta bæjarhól og að kanna eðli og umfang þeirra tveggja húsa sem standa við sjóinn sem voru skráðar árið 2018 sem myndu fara undir nýjan veg ef hann skyldi liggja þar um. Gerðir voru þrjár könnunarskurðir í meintan bæjarhól [1833-8] og þrjár skurðir í tvær hlaðnar rústir [1833-5,1833-6].<sup>19</sup>

<sup>19</sup> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2021.

### 3.1 Stjórnsýsla og fjármögnun

Með bréfi dagsettu 30. júní 2022 fór minjavörður Vesturlands, Magnús A. Sigurðsson, fram á að hóllinn og öskuhaugurinn yrði rannsakaðir áður en farið væri í frekari framkvæmdir.<sup>20</sup> Rannsóknin var fjármögnuð af Vegagerðinni.

## 4. ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM RANNSÓKNINA ÁRIÐ 2022

Við rannsóknina árið 2022 störfuðu alls sex fornleifafræðingar. Stjórnandi var Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og uppgrftarstjóri var Kristín Sylvía Ragnarsdóttir. Rannsóknin var framkvæmd á tveimur tímabilum árið 2022, fyrst 18-29. Júlí og svo 8. September – 13. Október. Veður var þurr í júlí og byrjun september en svo tók veðri að breytast og var heldur blautt í lok september og október. Rannsóknin hélt áfram sumarið 2023 frá 25. maí til 2. Júní og var veður heldur þurr með litlum skúrum. Atli Rúnarsson og Kristín Sylvía Ragnarsdóttir sáu um skýrslugerð og Kristín Sylvía Ragnarsdóttir gerði tölvuteikningar.

Fornleifafræðingar sem störfuðu við rannsóknina árið 2022:

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. Stjórnandi og leyfishafi.

Kristín Sylvía Ragnarsdóttir. Uppgrftarstjóri. MSc.

James McGovern. Fornleifafræðingur. MA.

Jonathan BATTERY. Fornleifafræðingur. MA.

Kate Fitzpatrick. Fornleifafræðingur. MA.

Atli Rúnarsson. Fornleifafræðingur. BA.

Fornleifafræðingar sem störfuðu við rannsóknina árið 2023:

Kristín Sylvía Ragnarsdóttir. Uppgrftarstjóri. MSc.

Atli Rúnarsson. Fornleifafræðingur. BA.

James McGovern. Fornleifafræðingur. MA.

<sup>20</sup> Bréf Minjastofnunar. MÍ 202106-0051/6.10/MAS

#### 4.1 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi

Við rannsóknina var notuð single context aðferðafræði þar sem hver eining var grafin upp í öfugri tímaröð og skráð, teiknuð og ljósmynduð. Þessi aðferðafræði hefur reynst mjög vel á Íslandi og er kennd sem aðferðafræði við uppgröft í Háskóla Íslands. Þetta er aðferðarfræði sem íslenskir fornleifafræðingar kunna og eru vanir sem og þeir bresku fornleifafræðingar sem störfuðu við rannsóknina. Því er þessi rannsóknaraðferð mjög heppileg til rannsókna. Þar að auki voru grafnir skurðir til þess að sjá og teikna upp jarðlög í sniði og umfang minja.

Gripir verða skráðir í Sarp, gagnagrunn Þjóðminjasafns Íslands. Allir gripir og dýrabein voru varðveitt. Notast var við DJI Air 2 S dróna í upphafi og lok hvers dags ef verður leyfði. Allar teikningar voru handteiknaðar á teikniplast í hlutföllum 1/10 fyrir sniðteikningar og 1/20 fyrir flatarteikningar. Hæðir teknar með venjulegum hæðamæli. Hnit voru skráð á öllum staurum með Trimble Juno 5 uppmælingatæki. Eigið hnitakerfi (grid) var sett upp á XY ás sem og notast við landsnets hnitakerfið ÍSNET93. Ljósmyndir voru teknar á Canon EOS M50 mark 2 og skráð í ljósmyndaskrá. Vinnumyndir voru teknar á síma og spjaldtölvu.

#### 4.2 Stærð og umfang uppgrftar

Í fyrstu var opnað 5 x 7 m svæði yfir rústarhólnum. Við uppgröftinn kom í ljós að stækka þurfti uppgraftarsvæðið þar sem minjarnar náðu lengra til norðurs. Í heildina var opnað 10 x 21 m svæði í heildina sem nemur 21 m<sup>2</sup>. Dýpt uppgraftarsvæðis var misjafnt þar sem minjarnar voru byggðar í halla, en áætla má að um 200 m<sup>3</sup> af jarðvegi hefur verið fjarlægður.

Innan svæðis voru grafnir fjórir prufuskurðir til að sýna umfang og eðli minja í sniði. Þar að auki voru prufuskurðir A og B frá árinu 2021 endurgrafnir til að fá heildarmynd á svæðinu. Prufuskurður A var 1 x 6 m að stærð og Prufuskurður B var 1 x 6 m að stærð en var síðar breikkaður í 2 m. Prufuskurður C var 70 cm x 2 m á stærð og prufuskurður D var 1 x 4 m á stærð.

Sumarið 2023 var prufuskurður A lengdur um 2,5 m til norðurs til að kanna hvort fornleifar voru að leynast undir malarhólnum sem var staðsettur rétt til norðurs við uppgraftarsvæðið.



Mynd 4. Staðsetning prufuskurða innan svæðis. Drónamynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

## 5. FRAMKVÆMDARANNSÓKNIN Í BÚÐAVÍK

Í fyrstu var opnað 5 m x 7 m svæði sem var staðsett austan við prufuskurð B og sunnan við prufuskurð A (sem voru rannsökuð sumarið 2021) og þaðan til austurs að skeringu Vesturlandsvegur og til suðurs að enda rústarhólsins.

Við rannsóknir sumarið 2021 á prufuskurðum í rústarhólinn var líklegt að svæðið hafi verið að minnsta kosti tvífasa, ef ekki þrífasa. Var þetta staðfest sumarið 2022 þar sem greinilega var að sjá að svæðið hafði þrjú notkunarstæði eða væri þrífasa. Þar var að sjá að efst var mikið veggjagrjót og torf (Fasi I) ofan á öskuhaug (Fasi II) og þar undir var bygging (Fasi III).





Mynd 5. Uppgriftarsvæðið eftir opnun. Á myndinni er hægt að sjá fasa skiptingu innan uppgriftarsvæðis. Innan gula ferhyrningsins er Fasi 1 og innan þess eru Svæði A þar sem Hús 1 var staðsett, Svæði B á milli húsa og Svæði C þar sem Hús 2 var staðsett. Í rauða ferhyrningnum er fasi 2 þar sem öskuhaugurinn var staðsettur. Innan græna ferhyrningsins er Svæði D þar sem Hús 3 er staðsett.

Yfir öllu svæðinu var yfirborðslag **[001]**. Yfirborðið **[001]** lá yfir öllu svæðinu og var miðlungs brún sandkennd mold með mikið af smáum steinum sem hafa líklegast blandast þar við þegar vegurinn að ofan var lagður. Yfirborðið var 21 m+ x 10 m+ og um 25 cm á þykkt. Engir gripir fundust í yfirborðslaginu og engin sýni voru tekin. Blandað við og undir yfirborðinu var mikið af grjóti **[011]**. Ljóst var við uppgröft að þetta hefur verið steinahrún úr byggingu. Steinarnir voru blanda af hvössum og rúnnum steinum sem hafa fallið niður hlífðina þegar vegurinn var gerður.

Innan uppgriftarsvæðisins voru skráð fjögur náttúruleg jarðlög. Voru það náttúruleg sjávarmöl **[042]** sem lá ofan á náttúrulegum jarðvegi **[025/026]** sem var sterfl mjúk ljós gulbrúnni sendinni silt. Náttúrulegur jarðvegur **[044]** var einungis sjáanlegt í norður enda uppgriftarsvæðis undir svæðum A, B og D. Náttúrulegur jarðvegur **[044]** var gulbrúnn siltaður sandur blandaður sjávarmöl. Neðst og undir öllu var náttúruleg og hrein sjávarmöl **[021]**.



Mynd 6. Komið niður á náttúrulegan jarðveg [021] undir öskuhaugslögum þar að ofan. Ljósmynd: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.

### 5.1 Fasi I – Svæði A, B og C

Við fyrstu rannsóknir sumarið 2022 kom í ljós mikið af grjóthruni austan til á uppgraftarsvæðinu og leifar öskuhaugs vestan megin.

Líklegast var þar í austur enda uppgraftarsvæðis stór bygging sem hélt áfram til norðurs undir óopnað svæði. Var því ákveðið að stækka uppgraftarsvæðið í 10 x 21 m yfir grjóthruninu til norðurs og til vesturs yfir öskuhaugnum. Þar sem



Mynd 7. Uppgraftarsvæðið áður en svæðið var stækkað. Upp er í austur. Drónamynd: James McGovern.

erfitt var að greina úr grjóthruninu í fyrstu var ákveðið að skipta svæðinu í þrjú svæði. Svæði A var staðsett nyrst, Svæði B staðsett fyrir miðju og Svæði C staðsett syðst á uppgraftarsvæðinu.



Mynd 8. Byggingar í Fasa I. Til vinstri er Hús 2 á Svæði C, í miðju er Svæði B og til hægri er hluti af Húsi 1 á Svæði A. Drónamynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

#### 5.1.1 Svæði A

Á Svæði A kom í ljós vestur endi byggingar (Hús 1). Stærð á Húsi 1, það sem var sjáanlegt, var 2,8 m á lengd og var breidd þess um 2,8 m. Áætla má að byggingin hafi verið alls um 3,8 m á breidd, en þar vantaði norður vegg hússins og hefur hann líklega verið jafn breiður og suður veggur hússins. Restin af tóftinni liggur enn undir Vestfjarðaveginum og er líklega



Mynd 9. Horft yfir Svæði A til suðvesturs eftir fjarlægingu á yfirborðslagi [001]. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

ekki mikið eftir af henni. Enginn inngangur var sjáanlegur og liggja dyrnar væntanlega undir veginum. Tóftin hafði verið mikið röskuð og lá mikill grjótruðningur yfir henni sem hefur endað þar þegar Vestfjarðavegurinn var gerður. Tóftin var byggð örfáum metrum ofan við fjöruborðið og sneri austur-vestur.


## 5.1.2 Hús 1

Undir yfirborðinu [001] og grjótruðningnum [011] fóru veggir á Húsi 1 að koma í ljós. Veggirnir voru gerðir úr torfi [023] og grjóti [022]. Aðeins einn greinilegur steinveggur var eftirstandandi, þ.e. suður veggurinn og hefur húsið skemmst og flast mikið út við gerð vegarins að ofan. Líklegur skuggi af vestur veggnum var sjáanlegur við fjarlægingu á öskuhaugslagi [013] sem fyllti hólfið innan hússins og fór þar yfir vegginn að hluta til vesturs.



Mynd 10. Líklegar leifar torfs úr vestur vegg á Húsi 1 er sjáanlegt fyrir miðju. Myndin er tekin í norður. Ljósmynd: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.

Torfið [023] var þétt skellótt appelsínugult, brúnt og rauðleitt. Það sást aðeins á vesturhlið og var snið tekið í það og sýndi það að torfið var mjög hreyft. Lagið var 3 m+ að lengd, um 1 m á breidd og 15 cm á þykkt.



Mynd 11. Snið tekið í gegnum mögulegan vegg [023] á Húsi 1 og snið teikning 5B. Sniðið snýr í suður. Ljósmynd: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir. Tölvuteikning: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.

Innan hússins var blandað lag [013] sem líktist mjög öskuhaugslag [007]. Lagið var miðlungs til laust skellótt dökkbrúnt, fjólublátt, appelsínugult og rautt torf og öskuhaugsefni sem innihélt töluvert af litlum steinum. Lagið var 2 m+ á lengd, 2 m+ á breidd og um 20 cm djúpt. Þar blandað í voru flatir steinar [016]. Við uppgröft var talið að þarna væri hellulagt gólf, en við frekari rannsóknir kom í ljós að þarna væri



Mynd 12. Blandað lag [013] með flötum steinum [016] sjáanlegt innan rýmisins. Horft til austurs. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

líklegt hrun inna um blandaðs lags [013]. Undan þessu blandaða lagi kom svo greinilegt gólflag [017] í ljós.

Gólflagið [017] var mjög hart og þjappað gólf sem var dökk brúnt og svart á lit og innihélt smá kolaflögur og brennd bein. Gólflagið var 1,8 m á lengd, 1,5 m á breidd og um 3 cm á þykkt. Gólflagið stoppaði upp við torflag [023] við vestur endann. Rýmið hefur að öllum líkindum verið fjárhús og hafa kindur þá þjappað gólfinu svona en lagið var óvenjulega hart, nánast eins og steinn.



Mynd 13. Mjög hart mögulegt gólflag [017] innan í Húsi A. Myndin tekin í austur. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

Þegar gólfslag [017] var fjarlægt var komið niður á náttúrulegan jarðveg [026]. Þar beint undir var svo náttúruleg sjávarmöl [044].



Mynd 14. Við lok uppgrftar á Húsi 1. Myndin tekin í austur og sýnir náttúrulegan jarðveg [044]. Ljósmynd: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.

### 5.1.3 Svæði B

Í fyrstu var ekki ljóst hvort að á Svæði B hafi verið hólfi á byggingu eða hvort að þarna hafi verið bil á milli Húsa 1 og 2. Við uppgröft kom í ljós að á þessu svæði voru engin gólfög sjáanleg, líkt og í hinum byggingunum, og enginn greinilegur veggur fannst sem tengdi húsin saman. Einungis var blandað hrun frá Húsi 1 og Húsi 2 og var því ljóst að þar hafi verið bil á milli bygginganna.



Mynd 15. Myndir af Svæði B teknar með dróna. Til hægri er steinahrún [045] og öskuhaugslag [007] sjáanlegt innan hólfisins. Til hægri er búið að fjarlægja steinahrún [045] og öskuhauslag.

Í sniði sem sneri í vestur var sjáanlegt að undir yfirborði **[001]** sunnan megin var hrun úr Húsi 2 **[002]** og norðan til var öskuhaugslag **[007]** sem lá svo undir hruni **[002]**. Undir hruni var blandað skellótt öskuhaugslag **[009]** sem lá ofan á steinahruni **[045]**. Lagið var laust og mjúkt skellótt fjólublátt, rautt appelsínugult siltað torf sem innihélt mikið af kolaflögum. Kolasýni (**S#001**) var tekið úr laginu. Líklega er þetta það sama og öskuhaugslag **[007]** sem lá þar undir og steinhrunið **[045]** hefur fallið ofan á.



Mynd 16. Steinhrun **[045]** á svæði B áður en uppgrafarsvæðið var stækkað. Neðst á myndinni sést glitta í öskuhaugslag **[007]**. Myndin er tekin í austur. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

Undir lagi **[007]** alveg austast á Svæði B var komið niður á náttúrulegan jarðveg **[026]** sem var sterilt mjúkt ljós gulbrún sendin silt með fáum steinum. Þar undir var náttúruleg sjávarmöl **[021]**. Vestan megin á Svæði B undir öskuhaugslagi **[007]** var komið niður á líklegt hrun **[030]** og steinhrun **[040]** úr austur vegg á Húsi 3 á Svæði D.

#### 5.1.4 Svæði C

Í fyrstu var opnað 5 x 7 m svæði ofan og austan við Prufuskurð B á Svæði C, þar sem sumarið 2021 voru torf- og steinhrun sjáanleg í sniði. Ljóst var að þarna ofan við prufuskurðinn hafi verið staðsett hús þar sem hæsti punktur bæjarhólsins var staðsettur. Eftir að yfirboðið var fjarlægð komu í ljós mikið af grjótt- og torfhruni og ljóst að um rúst að ræða. Erfitt var að greina á milli grjóthruns og steina í veggjum og því ákveðið að grafa allt svæðið í sneiðum þar til greinilegur strúktúr kom í ljós.



Mynd 17. Hér sést hvernig brotalínan skiptist þar sem náttúrulegur jarðvegur er alveg austast og öskuhaugslag **[007]** þar sem undir því var líklegt hrun úr Húsi 3.

Á Húsi 2 var einungis 2,1 m af lengd hússins sjáanlegur og var breidd þess líklegast um 4,7 m. Restin af tóftinni liggur enn undir Vestfjarðaveginum og er líklega ekki mikið eftir af henni. Enginn inngangur var sjáanlegur og liggja dyrnar væntanlega undir veginum. Tóftin hafði verið mikið röskuð og lá mikill grjótruðningur yfir henni sem hefur endað þar þegar Vestfjarðavegurinn var gerður. Tóftin var byggð örfáum metrum ofan við fjöruborðið og sneri austur-vestur.



Mynd 18. Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæði við upphaf uppgriftar. Þar er að sjá grjóthrun á víð og dreif. Innan gulu brotalínunnar er staðsetning Prufuskurður B frá árinu 2021. Upp er í austur. Drónamynd: James McGovern.

#### 5.1.5 Hús 2

Hús 2 var betra varðveitt en Hús 1 á svæði A. Undir yfirborðinu **[001]** og steinhruni **[011]** komu veggir hússins í ljós. Veggirnir voru gerðir út torfi **[005]** og grjóti **[004]** og voru nokkuð heillegir. Torfið í veggjunum var mjög þétt skellótt appelsínugult, rautt og brúnt torf með grjóthleðslum beggja vegna. Í Prufuskurði C var hægt að sjá að veggurinn hafi líklegast verið hlaðinn úr strengjatorfi.



Mynd 19. Veggir á húsi A að koma í ljós. Myndin er tekin í austur. Ljósmynd: Jonathan Buttery.

Grjótið í veggjunum **[004]** voru um tvær til þrjár raðir beggja vegna torfsins.

Utan og innan við veggi hússins var hrun **[002]**. Erfitt var að greina á milli hruns og veggjartorfs. Hrunið var brúnt torf og mold með rauðum blæ. Stórt grjót úr byggingum hefur færst til og lá á víð og dreif innan lagsins. Hrunið var um 10 m langt, 10 m breitt og um 25 cm á þykkt.





Mynd 20. Hér sést hvernig torf og steinahrún [002] hefur breiðst út frá veggjum hússins. Myndin er tekin í norður. Ljósmynd: Kate Fitzpatrick.

Undir hrúni að utan við norður og vestur hlið hússins var blandað lag [006]. Lagið var þétt brúnt og fjólublátt silt og torfhrún með lítið af smáum steinum. Lagið var um 5 m á lengd, 4 m á breidd og 8 cm á þykkt. Lagið var staðsett undir hrúni [002] og lá yfir öskuhaugslagi [007] og upp að steinum [004] í vegg á Húsi 2. Þar beint við hliðina til suðurs, við suðvestur horn hússins var skráð lag [010]. Lagið var þétt fjólublár og rauður siltaður sandur. Líklega hefur þetta lag verið það sama og lag [006] við norðvestur enda hússins, mjög svipað og lagið eða að þarna hafi verið komið fyrir einhverskonar uppfyllingarefni undir suðvestur horn hússins, þar sem lagið lá undir veggnum.



Mynd 21. Blandað brúnt og fjólublátt lag [006] utan við Hús 2 norðan og vestan til sem náði undir veggji hússins. Myndin er tekin í austur. Ljósmynd: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.

Innan í hólfinu efst var hrun [002] sem virðist hafa verið samblanda af yfirborði og veggjartorfi. Þar beint undir og nánast samblandað var hrun [014] úr veggjum hússins. Hrúnið var þétt blandað ljósbrúnt siltað torf sem innihélt flata steina [008]. Eitt sýni var tekið úr hrúni [014], sem var dýrabein (S#004). Steinarnir voru á víð og dreif undir hrúni [002] og blandað í hrúni [014]. Í fyrstu var talið að þarna væri gólflag sem hafði verið raskað, en við frekari athuganir kom í ljós að ekkert lag var á grjótinu og því líklega um hrun að ræða.



Mynd 22. Mikið grjóthrun sem fyllti rýmið að innan. Erfitt var að greina veggji hússins út frá hrúni. Myndin er tekin í suður. Ljósmynd: James McGovern.

Undan hrúni [014] og grjóthruni [008] kom líklegt gólflag [038] í ljós. Gólflagið var mjög hart appelsínugult torf og jarðvegur með stöku kolaflogum og virðist hafa verið mikið traðkað. Lag þetta lá ofan á flötum steinum og var einungis fyrir miðju og í suður hluta hússins og var um 1,2 m á lengd, 1 m á breidd og um 9 cm á þykkt. Þó getur verið að lag [038] sé það sama og öskuhaugslag [007], sem var túlkað sem mögulegur hluti af öskuhaugnum eða sléttunarefni sem notað hefur verið fyrir Hús 2, þó var lag [038] mun ljósara.



*Mynd 23. Innan í Húsi 2 komið niður í náttúrulega sjávarmöl [021]. Þar er einnig sjáanlegt snið innan hólfisins sem snýr í vestur. Ljósmynd: Jonathan Buttery.*

Í norður hluta innan hússins var lag **[019]** sem var 50 cm breitt og 20 cm þykkt. Lagið var túlkað sem öskuhaugslag sem byggingin hefur verið byggð ofan á að hluta til þar sem lagið var ekki sjáanlegt sunnan megin innan hólfisins. Við fjarlægingu á gólflagi **[038]** og öskuhaugslagi **[019]** var sjáanlegt að húsið hafi verið byggt ofan á öskuhaugnum.



Mynd 24. Hér er að sjá mögulegt gólfslag [038] vinstra megin og lag [019] hægra megin innan hólfsins í Húsi 2. Myndin er tekin í vestur. Ljósmynd: Jonathan Buttery.

#### 5.1.6 Prufuskurður C

Ljóst var að Hús 2 hafi verið byggt ofan á öskuhauginum og var því ákveðið að grafa niður í náttúrulegan jarðveg innan hólfsins til að kanna umfang hússins í sniði. Var því ákveðið, til að fá sem heildstæða mynd af jarðlögum undir vestur og suður vegg hússins að grafa þar við hornið skurð. Prufuskurður C var grafinn þvert á suður vegg og inn í hólfið á Húsi 2.



Mynd 25. Staðsetning á Prufuskurði C í gegnum suður vegg á Húsi 2 á Svæði C. Horft er til norðurs. Ljósmynd: Jonathan Buttery.

Í sniði sem sneri í austur í prufuskurðinum var hægt að sjá að


suður veggur hússins var byggður ofan á lagi [010]. Þar beint undir var sendið malarmikið lag [012]. Lagið var gulbrúnn siltaður sandur sem innihélt nokkuð af smáum steinum. Lagið var einungis sjáanlegt í undir suður vegg og þaðan til suðurs að enda uppgraftarsvæðis. Lagið

var um 10 x 2 m að stærð og um 20 cm þykkt. Líklega voru þessi lög einhverskonar undirlög til að jafna út svæðið fyrir byggingu á suður vegg á Húsi 2.

Þar undir var hart ljósbrúnt og fjólublátt silt sem innihélt fáar kolaflögur. Lagið var um 10 cm á þykkt og einungis í suður enda svæðis. Líklega er þetta lag botninn á öskuhaugnum þar sem lagið liggur yfir náttúrulegum jarðvegi [025]. Náttúrulegur jarðvegur [025] var sterílt mjúkt ljósgulbrúnn siltaður sandur með fáum steinum. Lagið var um 15 cm á dýpt og lá yfir náttúrulegri sjávarmöl [021]. Sjávarmölin var sjáanleg undir öllum lögum og mannvirkjum á svæðinu.

Í sniði undir vestur vegg var að sjá að jarðlögin voru frábrugðin þeim sem voru undir suður vegg. Þar var að sjá að veggurinn [004] og [005] hafi verið reistur ofan á öskuhaugslagi [007] sem lá yfir hörðu öskuhaugslagi [019] og [027]. Neðst voru náttúruleg jarðlög [021] og lag [026] sem er það sama og [026].

Í sniði sem sneri í vestur innan hólsins var hægt að sjá að undir gólflagi [038] var öskuhaugslag [027]. Þar undir var öskuhaugslag [026] sem lá beint ofan á náttúrulegum jarðvegi [021].



Mynd 26. Snið og sniðteikning 1A sem snýr í austur. Sniðið var tekið þvert á suður vegg á Húsi 2. Ljósmynd: Jonathan Buttery. Tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

## 5.2 Fasi II – Öskuhaugur (c. 1450-1650 e. Kr.)

### 5.2.1 Öskuhaugur


Við uppgröft á prufuskurðum árið 2021 var ljóst að svæðið hafði verið notað sem öskuhaugur. Líkt og hefur komið fram hér að ofan var sjáanlegt að Fasi I hafði verið byggður ofan á öskuhaugnum í Fasa II. Alls voru skráð átta öskuhaugslög í fasa II og voru þau **[007]**, **[015]**, **[019]**, **[020]**, **[024]**, **[028]**, **[041]** og **[043]**.



Mynd 27. Vestur hluti uppgriftarsvæðis þar sem öskuhaugslögin voru þykkust. Fyrir miðju er Prufuskurður B þar sem sést steina í veggjum á Húsi 3.


Efsta öskuhaugslagið var **[007]** var túlkað sem mögulegt sléttunarefni á öllu svæðinu undir Fasa I og yfir Fasa III. Lagið var skellótt grátt, appelsínugult, brúnt og fjólublátt silt blandað torfhruni. Lagið innihélt smáa steina og mikið af kolaflögum og brenndum beinum. Lagið var samblandað og líklega það sama og öskuhaugslag **[015]** sem var staðsett þar beint undir. Lagið var auðmulið appelsínugult blandað torf og silt sem var um 2 m+ á lengd og 10 cm á þykkt. Lagið var samt sem áður frábrugðið þeim týpísku öskuhaugslögum þar sem lítið sem ekkert var af kolaflögum og brenndum beinum í laginu.

Sýni úr dýrabeini sem sent var í greiningu úr öskuhaugslagi **[007]** gaf aldursgreininguna 1435-1620 með 95,4% líkindum og sýni út ullartextíl út öskuhaugslagi **[007]** gaf aldursgreininguna 1495-1648 með 95,4% líkindum. Þetta bendir til þess að búið er á svæðinu frá miðri 15. öld fram á 17. öld og er það er samsvarandi við ritheimildir.



Mynd 28. Til vinstri: Graf sem sýnir aldursgreiningu á dýrabeini úr öskuhaug. Til hægri: Graf sem sýnir niðurstöður úr aldursgreiningu á ullartextíl.


Í sniði 5C fyrir miðju svæðis til vesturs var öskuhaugslag **[043]** beint undir lagi **[015]**. Lagið var þétt dökkbrúnt silt með fjólubláum blæ og innihélt mikið af kolafögum, steinum, torfskellum og móösku. Lagið var um 2.5 m langt og 16 cm þykkt. Þar beint undir var móöskulag **[020]** sem var bleik og appelsínugul auðmulinn móaska sem innihélt mikið af kolafögum og brenndum beinum. Lagið var 10 m+ á lengd, 10 m+ á breidd og um 35 cm á þykkt. Þar undir var svo náttúruleg sjávarmöl **[021]**.



Mynd 29. Sniðteikning 5C sem snýr í suður, þar er hægt er að sjá öskuhauslög **[015]**, **[043]** og **[020]**. Tölvuteikning: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.

Í sniði 5A í norðaustur hluta svæðis var að sjá að undir öskuhaugslagi **[007]** var drapplitað lag **[036]**, sem var einnig sjáanlegt í Prufuskurði A. Þar beint undir var móöskulag **[020]**.

Undir því var siltað öskuhaugslag [028] beint undir sem var samblanda af náttúrulegum jarðvegi og öskuhaug. Lagið innihélt brennd bein, kolaflögur og sjávarmöl. Lagið var 2,5 m á lengd og um 15 cm þykkt. Var þá komið niður á náttúrulega sjávarmöl [021] vestan megin og líklegt torf úr Húsi A austan megin.



Mynd 30. Snið og sniðteikning 5A sem snýr í suður. Ljósmynd: Kate Fitzpatrick. Tölvuteikning: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.

Undir sendnu lagi [012] í suðvestur enda svæðis var öskuhaugslag [019]. Lagið var hart fjólublátt öskuhaugslag með kolum og brenndum beinum, að jafnaði um 20cm þykkt. Í sniði 6 var hægt að sjá að lagið lá yfir hruni [027] úr veggjum á Húsi 3 á Svæði D og í sniði 1A var hægt að sjá lagið lá undir öskuhaugslagi [007].

Öskuhaugslag [024] var túlkað sem hluti af öskuhaug. Lagið var einungis sjáanlegt í sniði 1A innan hólfins í Húsi 2 þar sem lagið lá undir sendnu lagi [012] og yfir lagi [025]. Lagið var 10 cm þykkt, hart og fjólublátt silt með stöku kolasmiti. Mögulega var hér um að ræða botninn á öskuhaugnum innan en lagið sat ofan á náttúrulegum jarðveg [025]. Rétt utan við Hús 3 á Svæði D til suðurs var öskuhaugslag [041] sem var 5 cm þykkt, mjúkur ljós-fjólublár siltaður sandur með kolaflyksum og var túlkað sem mögulega fyrsti atburðurinn í



öskuhaugnum og virðist vera sama og lag [024]. Erfitt var að sjá hvort að húsið hafi verið byggt ofan á þessu öskuhaugslagi eða hvort þarna hafi verið fyrsti burður í öskuhauginn.

Haldið var áfram með uppgröftinn á öskuhaugnum sumarið 2023, þar sem ekki gafst tími til að klára hann niður í náttúrulegan jarðveg. Við uppgröftinn fundust átta gripir og voru þeir fundnir í móöskuhaugslagi [020] og öskuhaugslagi [043]. Í öskuhaugslagi [020] fundust steinlóð (F#059), koparþunna með þremur litlum kopar nöglum í (F#060), lítið ferhyrnt brýni (F#061), járn nagli eða pinni (F#065) og þrjár naglar (F#066). Í öskuhaugslagi [043] fundust eitt steinlóð (F#062) og tveir járn pinnar (F#063 og F#064). Þrjú sýni voru tekin út lagi [020] og voru þau öll dýrabein (S#020, S#021 og S#022)



Mynd 31. Norður helmingur uppgraftarsvæðis kominn niður í náttúrulegan jarðveg sumarið 2023 þar sem öskuhaugslög voru þykkust.

### 5.2.2 Prufuskurður A

Prufuskurður A frá árinu 2021 var opnaður aftur sumarið 2022 þar sem skurðurinn lenti innan uppgriftarsvæðis frá malarhól í norður enda og inn í öskuhaug til suðurs. Skurðurinn var 6 m á lengd og 1 m á breidd og um 1 m djúpur við norður endann og 15 cm djúpur við suður endann. Skurðurinn var opnaður til að kanna vegg sem hafði verið skráður sumarið áður og talið var vera annað hús undir malarbakkanum norðan til á svæðinu.

Við fjarlægingu á jarðveginum sem hafði verið fylltur ofan í skurðinn var hægt að sjá að það sem hafði verið skráð sem veggur sumarið 2021 var í raun ekki veggur. Skurðurinn var því allur tekinn niður í náttúrulegan jarðveg til þess að sjá jarðlögin í sniði sem mynda þennan malarhól norðan til á uppgriftarsvæðinu.



Mynd 32. Til vinstri: Mynd tekin í norður af prufuskurði A. Þar er hægt að sjá bungu sem talið var vera veggur sumarið 2021. Til hægri: Mynd tekin í norður af sama enda prufuskurðar A. Þar er að sjá lögin halda áfram við alla enda skurðarins.


Undir yfirborðinu **[001]** var hreyfð sjávarmöl og jarðvegur **[032]** sem líklegast verið færð þangað þegar vegurinn var gerður, þ.e. mölinni gæti hafa verið ýtt upp úr dældinni norðan við uppgriftarsvæðið. Lagið var yfir 10 m á lengd, 5 m+ á breidd og um 26 cm á þykkt. Þar beint undir var siltað jarðlag **[033]**. Lagið var miðlungs-brúnt siltað jarðlag með litlum steinum og kolaflyksum. Gæti verið hreyfður jarðvegur eftir vegagerð. Lagið var 1.35 m+ á lengd, 75 cm á breidd og 21 cm á þykkt.

Undir siltaða jarðveginum var annað lag af blandaðri sjávarmöl og silt **[034]**. Lagið var Miðlungs-dökkbrúnt á lit og var 1.35 m+ á lengd, 75 cm+ á breidd og um 20 cm á þykkt. Þar

undir var hreyfður siltaður jarðvegur, torf og sjávarmöl **[035]** sem innihélt smá kolafögur. Lagið var einungis sjáanlegt í norðvestur horni Prufuskurðar og er ekki víst hvort þarna sé hrun af annarri byggingu sem gæti verið staðsett undir malarhólnum eða hvort þarna sé annað öskuhaugslag. Undir lagi **[034]** og lagi **[035]** í norðvestur horni var ljós drapplitað og brúnt lag með kolaflygsum **[036]**. Árið 2021 þegar prufuskurðurinn var grafinn var talið að þetta lag væri veggur, en við frekari rannsóknir í ár kom í ljós að þarna væri ekki veggur. Mögulega er um gamalt yfirborð að ræða eða hrun úr byggingu sem gæti verið undir malarhólnum.

Drapplitaða lagið **[036]** lá yfir móöskulagi **[020]**. Móöskulag þetta er hluti af öskuhaugslögum sem voru að finna á öllu svæðinu. Lagið var bleik og appelsínugul auðmulinn móaska sem innihélt mikið af kolafögum og brenndum beinum. Lagið var 10 m+ á lengd, 10 m+ á breidd og um 35 cm á þykkt. Þar beint undir var siltað öskuhaugslag **[028]** sem var samblanda af náttúrulegum jarðvegi og öskuhaug. Lagið innihélt brennd bein, kolafögur og sjávarmöl. Lagið var 2.5 m á lengd og um 15 cm þykkt. Neðst í prufuskurðinum var svo náttúruleg sjávarmöl **[021]**.

Sumarið 2023 var ákveðið að lengja skurðinn um 2,5 m til norðurs til að vera viss um að engar minjar væru að finna undir malarhólnum. Við lengingu á skurðinum kom í ljós að engar minjar væru þar undir og héldu jarðlögin áfram út lengdina á skurðinum.



Mynd 33. Snið sem snýr í austur á Prufuskurði A eftir að skurðurinn var lengdur sumarið 2023.

### 5.3 Fasi III – Svæði D


#### 5.3.1 Hús 3

Hús 3 fannst við uppgröft á Prufuskurði B sumarið 2021 og var hann opnaður á ný. Opnað var stærra svæði yfir húsinu til þess að fá húsið allt fram. Húsið lá nokkurn veginn austur-vestur og var opin í vestur að sjónum. Húsið var 4,7 m á lengd og 3,6 m á breidd. Prufuskurður D var tekinn í miðju hússins og lá í austur-vestur þvert á Prufuskurði B.

Yfir öllu húsinu var öskuhaugur [007] sem var þykkari yfir norður hlið hússins, um 15 cm, og yfir suður hlið var hann um 8 cm á þykkt. Þar undir var lag [030] sem hefur líklega verið blanda af hruni og öskuhaug sem hefur verið notað sem uppfyllingarefni. Lagið var að finna bæði innan og utan við veggina og var þétt skellótt brúnt og appelsínugult siltað torf sem var um 31 cm á þykkt. Lagið er það sama og lag [027] sem var sjáanlegt í sniði 6.




Mynd 34. Hús 3 við lok uppgrافتar. Upp er í austur. Drónamynd: Kate Fitzpatrick.




Mynd 35. Snið 6A í gegnum vegg á Húsi 2 til að sýna Hús 3 í sniði og lög utan við húsið. Hús 3 er sjáanlegt í sniði sem snýr í suður (til vinstri á mynd og teikningu). Fyrir miðju í sniði sem snýr í vestur eru lög undir Húsi 2 og til hægri í sniði sem snýr í norður eru lög utan við Hús 3. Ljósmyndir: Jonathan Buttery. Tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

Veggir hússins voru gerðir úr litríku torfi [029] sem hafi röð af steinum beggja vegna [031]. Torfið í veggjunum var nokkuð hart appelsínugult með svörtum og brúnum skellum. Veggirnir voru um 1 m á þykkt.



Mynd 36. Plan teikning af Húsi 3. Tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

Innan í Húsi 3 undir lagi [030] var hrun [039]. Hrunið var um 10 cm þykkt, þétt ljós brúnt torf með appelsínugulum skellum. Blandað í hruninu var steinhrun úr veggjum [040]. Þar beint undir var mögulegt gólflag [037] blandað torfhruni. Erfitt var að greina á milli gólflags og hruns í austur enda hússins þar sem liturinn var eins en aðeins meira var um appelsínugular skellur efst. Gólflagið var þétt í sér og blanda af svörtu og appelsínugulu silti með torf stykkjum og smá kolaflögum. Lífræn lykt var af laginu og því líklegt að húsið hafi verið einhverskonar skýli fyrir skepnur. Lagið var um 2.8 m á lengd, 1.8 m á breidd og 34 cm á breidd. Tvö sýni voru tekin úr laginu, (S#012), sem var mögulegt skeljabrot, og (S#018) sem var jarðvegssýni.



Mynd 37. Snið sem snýr í norður á Prufuskurði D. Þar sést veggur hússins ásamt mögulegu uppsöfnuðu gólflagi [037].

### 5.3.2 Prufuskurður B

Prufuskurður B frá árinu 2021 var opnaður aftur þar sem skurðurinn lenti innan uppgraftarsvæðis. Skurður B var tekin aðeins sunnar á rústarhólnum en var síðar stækkaður til norður í átt að hinum. Hann var 6 m á lengd og 2 m á breidd. Skurðurinn var opnaður til að kanna steinhlaða veggi á byggingu sem komið höfðu í ljós í könnunarskurði 2021 og til að grafa húsið að heild sinni.

Við uppgröftinn var blönduð fylling grafinn upp í heild sinni og við uppgröftinn fundust þar í gripir (**F#003 og F#004**) sem höfðu ekki fundist 2021. Þessi blandaða fylling [**003**] var samblanda af þeim jarðlögum sem voru grafinn upp í öfugri tímaröð árið 2021 og var því ekki hægt að gefa þessum fundanúmerum rétt númer. Var því ákveðið að gefa þessari blönduðu fyllingu sitt eigið eininga númer til að hafa til að hafa yfirsýn yfir því hvar gripirnir fundust.



Mynd 38. Uppgraftarsvæðið áður en það var stækkað. Til vesturs, eða neðst á myndinni er endurgrafinn prufuskurður B þar sem sést í steina og torfveggi á Húsi 3. Drónamynd: James McGovern.



## 5.3.3 Prufuskurður D


Prufuskurður D var tekinn í miðju á Húsi 3 á Svæði D og lá í austur-vestur þvert á Prufuskurði B. Skurðurinn var 3,5 m á lengd, 1 m á breidd og um 50 cm djúpur. Ákveðið var að taka skurðinn til að kanna hversu langt Hús 3 færi undir Hús 2 og Svæði B. Við uppgröftinn kom í ljós að einungis suðaustur horn hússins var undir norðvestur horni á Húsi 2.



Mynd 39. Prufuskurður D fyrir miðju á Húsi 3. Myndin er tekin í austur. Ljósmynd: Atli Rúnarsson.

Skurðurinn var ekki tekinn beint niður í náttúrulegan jarðveg þar sem reynt var að finna enda hússins. Í austur enda skurðarins var ljóst að húsið hafi verið

grafið inn í náttúrulegan jarðveg og stórt grjót lagt þar við. Steinar [031] voru beggja vegna torfs [029] í austur veggnum og var torf hrun [030]/[027] og steinhrun [040] sjáanlegt í botni skurðar. Öskuhaugur [007] lá yfir öllu húsinu.




Mynd 40. Sniðmyndir og sniðteikningar sem snýr í suður á Prufuskurði D. Þar sést veggur hússins ásamt náttúrulegum jarðvegi austan megin í skurðinum.

## 6. GRIPIR

Frá því að heildaruppgröftur á svæðinu hófst sumarið 2022 hafa alls 66 gripir verið skráðir. Það eru 58 gripanúmer voru gefin við rannsóknina árið 2022 og átta gripanúmer árið 2023. Flestir gripirnir fundust í öskuhaugslögum á öllu svæðinu (Fasi II) og í Fasa I, en lítið fannst af gripum innan í byggingum í Fasa I. Engir gripir voru að finna í Fasa III. Tveir gripir fundust í fyllingu á Prufuskurði B sem hafði gera fylltur sumarið 2021. Voru það steinlóð (**F#003**) og járn nagli (**F#004**).

Langflestir gripirnir voru úr járni, alls 48 gripanúmer. Þar á eftir voru níu steinar, tveir kopar gripir, tvö keramik brot og eitt gjall.

Tafla 1. Fjöldi gripa fundnir við rannsóknina árið 2022 og 2023.



Allir þessir gripir tengjast hversdagslegum athæfum sem búast má við að finnist við uppgröft á líklegum beitarhúsum og í öskuhaug. Erfitt er að greina hvert hlutverk minjanna eru út frá þeim gripum sem fundust en mikilvægt er að horfa á samhengið. Svæðið hefur verið raskað við gerð Vestfjarðarvegar og er líklegt að jarðlög hafi færst til og hafa nútímagripir fundist á uppgriftarsvæðinu svo sem (**F#013**).

Tafla 2. Fjöldi gripa fundnir við uppgröftinn 2022 og 2023. Alls voru 66 fundanúmer gefin.

Hlutverk	Tegund	Fjöldi Gripanúmera
Brýni	Steinn	2
Gjall	Gjall	1
Handfang	Járn	1
Hnífur	Járn	2
Kvarts	Steinn	1
Leirker	Keramik	2
Lóð	Steinn	4
Nagli	Járn	23
Öngull	Kopar	1
Öngull	Járn	3
Óþekkt	Járn	1
Óþekkt	Kopar	1
Óþekkt	Steinn	14
Pinni	Járn	3
Sleggja	Steinn	1
Þynna	Járn	4
Þynna	Kopar	2

## 5.4 Fasi I

Alls fundust 34 gripir í Fasa I á Svæðum A, B og C. Þar af voru járn gripir stærsti flokkurinn eða um 23 talsins, svo þrír kopar gripir, tveir steinar, eitt keramik og eitt gjall.

Tafla 3. Fjöldi gripa sem fundust í öskuhaugnum flokkaðir eftir efni og hlutverki.

Járn	Fjöldi	Gjall	Fjöldi	Kermik	Fjöldi	Kopar	Fjöldi	Steinn	Fjöldi
Hnífur	2	Gjall	1	Leirker	1	Öngull	1	Brýni	1
Nagli	13					Óþekkt	1	Óþekkt	1
Öngull	1					Þynna	1		
Óþekkt	9								
Þynna	2								

## 6.2 Fasi II

Alls fundust 30 gripir í öskuhaugslögum í Fasa II. Þar af voru járn gripir stærsti flokkurinn eða 20 talsins, næst voru það steinar sem voru 6 talsins svo eitt kopar og eitt leirker.

Tafla 4. Fjöldi gripa sem fundust í öskuhaugnum flokkaðir eftir efni og hlutverki.

Járn	Fjöldi	Kermik	Fjöldi	Kopar	Fjöldi	Steinn	Fjöldi
Handfang	1	Leirker	1	Þynna	3	Brýni	1
Nagli	9					Kvarts	1
Óþekkt	5					Lóð	3
Pinni	3					Sleggja	1
Öngull	2						

Allir gripirnir sem fundust verða að teljast týpískir öskuhauga gripir en varðveisla á textíl vakti athygli. Þrjú textíl brot voru tekin sem sýni (**S#007, S#009, S#014**) úr öskuhaugnum og voru þau öll mjög vel varðveitt.

Við rannsóknina árið 2021 fundust fleiri gripir sem hægt væri að tengja við útgerð af einhverju tagi, t.d. fannst nokkuð magn af hnífum og brýnum, sem myndi styðja að þarna hafi verið búðir selveiðimanna, en árið 2022 og 2023 fundust frekar gripir sem verða að teljast klassískir öskuhauga gripir og geta fundist hvar sem er.




Mynd 41. Textíll S#(014).

## 7. NIÐURSTÖÐUR

Eftir að ákveðið var að fullrannsaka minjasvæðið í Búðavík kom í ljós að minjasvæðið væri hægt að skipta í þrjú fasa. Yngsti fasinn (Fasi I) var skipt í þrjú svæði (A, B og C) þar sem áður hafa staðið tvær byggingar (Hús 1 og Hús 2). Fasi II sem hafði að geyma öskuhaugslög og svo Fasi III þar sem Svæði D var staðsett sem hafði að geyma Hús 3.

Í Fasa I voru staðsettar tvær byggingar Hús 1 og Hús 2 sem voru byggðar ofan á öskuhaugslögum. Þó að stærstur hluti tóftanna eru undir Vesturlandsveginum er líklega hægt að segja að þarna hafi verið staðset beitarhús. Í Húsi 1 fannst hart traðkað lag **[017]** og í Húsi 2 fannst traðkað gólflag **[038]** sem finnast iðulega í skepnuhúsum. Gólflögin líktust ekki gólflögum sem finnast í manabústöðum. Ekkert skýrt gólflag fannst á Svæði B og því greinilegt að þar hafi einungis verið bil á milli Húss1 og Húss 2.

Líklega er hægt að skipta svæðinu í fjóra fasa þar sem Hús 1 virðist hafa verið byggt ofan á náttúrulegum jarðveg og fyllt með öskuhaugslagi **[007]**. Húsið væri því yngra en Hús 2 og elda en öskuhaugurinn. Þá getur það verið að Hús 1 hafi verið raskað áður en Vesturlandsvegur var gerður, en einnig möguleiki á því að öskuhaugslaginu hefur verið ýtt ofan í Hús 1 þegar Vesturlandsvegur var gerður þar sem mikið grjóthrun var sjáanlegt í laginu innan hússins. Erfitt verður að staðfesta það hvort Hús 1 sé eldra en Hús 2 en með frekari aldursgreiningum er mögulega hægt að fá skýringu á þessu



Mynd 42. Sniðteikning 3 og 4 sett saman. Sniðið snýr í vestur og sýnir Svæði A, B og C í sniði. Tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

Öskuhaugurinn var annar fasinn. Ljóst er að þessi öskuhaugslög voru notuð til að fylla upp í svæði yfir Húsi 3 til að fletja út svæði fyrir byggingu á Húsi 1 og Húsi 2.


Sýni úr öskuhaugnum voru send til kolefnis-aldursgreiningar hjá Scottish Universities Environmental Research Center árið 2021 og fékkst öruggasta greiningin úr textílbút sem fannst sama ár og var niðurstaðan sú að um 95%

líkur séu að öskuhaugurinn sé frá árunum 1495 – 1610. Samsetning öskuhaugsins bendir til búsetu á svæðinu.

Hús 3 var þá elsti fasinn og hlutverk hússins er erfitt að greina, en lífræna gólflagið [037] bendir til þess að þarna hafi einnig verið um skepnuhús að ræða sem hefur mögulega verið þiljað í vestur enda. Einnig getur verið að um sé að ræða naust, þrátt fyrir að þau hafi iðulega verið staðsett utar í fjörðunum.

Engar fleiri minjar voru að finna á svæðinu norðan við uppgraftarsvæðið. Með lengingu á profuskurði A var hægt að sjá að lögin héldu áfram til norðurs og var ekki að sjá vísbendingar um byggingar þar undir.

Eftir að rannsókn lauk var ákveðið af bæjarstjórn Ísfjarðabæjar að fara eftir málamiðlun Vegagerðarinnar og fylgja núverandi vegstæði að mestu en færa veginn örlítið ofar í brekkuna í Búðavík og hlífa fornu búðatóftunum þar í fjöruborðinu og skera veginn upp í klettanna í víkinni.<sup>21</sup> Lagt er til að minjarnar sem rannsakaðar voru 2021 og eru nyrst á svæðinu [1833-5] og [1833-6] verði merktar á meðan framkvæmdir standa yfir. Þessar rústir eru heilar. En rannsóknarsvæðið sem fjallað er um í þessari skýrslu telst fullrannsakað og því ætti að vera óhætt að hylja það svæði með jarðvegi.



Mynd 43. Kolefnisaldursgreining sem fékkst úr textílbút sem fannst árið 2021.

<sup>21</sup> <https://www.visir.is/g/20222343028d/baejarstjorn-kaus-millivegin-sem-vegstaedi-vid-dynjanda>



*Mynd 44. Myndin sýnir veglínu D sem hefur verið samþykkt og rauði hringurinn er þar sem minjarnar í Búðavík eru og ættu þær ekki að verða fyrir áhrifum af veglagningunni. Mynd: Vegagerðin.*

## 8. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1984). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. VII. bindi*. Reykjavík: Sögufélagið.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Kjartan Ólafsson. (1999). *Vestfjarðarit I, Firðir og fólk 900-1900*. Vestur-Ísafjarðarsýsla: Búnaðarsamband Vestfjarða.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. (2013). *Fornleifakönnun við Dynjanda í Arnarfirði (NV nr. 13-13)*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. (2018). *Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar. Vestfjarðavegur 60 um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur. (NV nr. 2-18)*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. (2021) *Fornleifarannsókn í Búðavík í Arnarfirði Rannsókn 2021. (NV nr. 07-22)*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Magnús A Sigurðarson. Minjastofnun Íslands. Bréf dagsett 30. júní 2022. MÍ 202105-0051/6.10/MAS

*Sóknarlýsingar Vestfjarða II. Ísafjarðar- og Strandasýslur.* (1952). Reykjavík: Samband vestfízkra átthagafélaga.

Visir.is Bæjarstjórn kaus milliveginn sem vegstæði við Dynjanda birtist 23.11.2022.  
<https://www.visir.is/g/20222343028d/baejarstjorn-kaus-milliveginn-sem-vegstaedi-vid-dynjanda>


### Óútgefnar heimildir.

Örnefnaskrá Dynjanda. Ari Gíslason. Örnefastofnun Íslands

Örnefnaskrá Dynjanda. Guðrún S Magnúsdóttir . Örnefastofnun Íslands




## 9. PLAN TEIKNING




## 10. STAÐSETNING SNIÐTEIKNINGA TEIKNAD INN Á KORT




Teikning 3 og 4




Teikning 1A




Teikning 5A




Teikning 5B




Teikning 5C




Teikning 7B




Teikning 2A



Teikning 6



Teikning 7A



## 11. SKRÁR

### 11.1 Jarðlagaskrá (Contextaskrá)

Context	Tegund	Svæði	Dagsetning	Nafn	Lýsing	Lýsing á ensku	Fundanúmer og sýnanúmer
001	Yfirborð	Allt svæðið	22.7.2022	KSR	Yfirborðslag. Gras og miðlungs brún sandkennd mold með mól úr veginum fyrir ofan.	Topsoil material. Grassy medium brown silty soil with frequent small stones from road above.	
002	Hrun		22.7.2022	KSR	Blanda af torfi og mold. Miðlungs brúnt með rauðum blæ. Stórt grjót úr byggingum hefur færst til. Lengd 20m, breidd 10m, dýpt 2,5cm.	Mixed turf and soil. Medium brown, red hue. Turf spots in it, large stones from building been pushed around.	F#001, F#002, F#005, F#006, F#007, F#011, F#012, F#013, F#018, F#019, F#020, F#022, F#023, F#024, F#025, F#030, F#031, F#051
003	Fylling		22.7.2022	JB	Blandaður jarðvegur sem var notaður til að fylla upp í prufuskurð frá 2021.	Mixed turf used to back fill trench from 2021.	F#003, F#004
004	Steinar í vegg	C	29.7.2022	KSR	Grjót sem myndar hólf C á húsinu. 2-3 raðir af steinum sitthvorumegin við torfvegg (005).	Large stones that make up structure C of house. Stones are 2-3 courses on either side of turf wall (005).	

005	Torfveggur	C	29.7.2022	KSR	Blandað appelsínugult, rautt og brúnt torf í vegg. Torfið er þétt með grjóthleðslum á báðum hliðum (004). Snið var tekið í S-vegg þar sem líklega voru sjáanlegir strengir. Torfið var greinilegast í S-vegg en hefur skemmst/horfið í norður og vestur vegna vegaf framkvæmda.	Mottled orange, red, brown turf in wall. Turf is compact with stones lining on either side (004).	
006	Blandað / Hrun		29.7.2022	JMG	Dökkbrúnt blandað torf. Liggur yfir öskuhaug og í kringum veggjagrjót (004). Fjólublátt og brúnt. Lagðið var hart og auðmulið.	Dark brown mixed turf. Overlying midden material. Layer around wall stones (004). Purple, brown	F#008, F#014, F#015, F#016, F#017, F#026, F#027, F#028, F#032, F#037, F#041, F#043, F#046, S#008
007	Öskuhaugur?		29.7.2022	JMG	Mögulega öskuhaugur eða sléttunarefni sem var notað í grunninn á byggingu 1. Töluvert af kolum og brenndum beinum í laginu.	Possible midden material under wall. Seems to be levelling/midden over older house in test pit. Brown, black mottled silt and turf.	F#010, F#029, F#033, F#035, F#036, F#042, F#044, F#045, F#050, S#002, S#003, S#010, S#019

008	Grjót		29.7.2022	JMG	Flatir steinar innan í hólfi C. Fyrst túlkað sem mögulegt gólf en eftir að grjótið var fjarlægt kom í ljós að svo var ekki, mögulega er þetta eftir vegaf framkvæmdir.	Large flat stones located inside structure C. First thought to be slabbing for inside the building but once they were removed it was clear it was not flooring. Possibly backfill/disturbance from road construction.	
009	Kol/móaska/aska	B	29.7.2022	KSR	Kola/móösku/öskulag sem lá yfir tiltölulega flötum steinum á svæði B, mögulega gólf eða hrun úr vegg. Lagið var laust í sér og mjúkt, blanda af fjólubláu, rauðu, appelsínugulu og svörtu Svæði B er mögulega innan byggingar eða á milli tveggja bygginga. Kolasýni #001 var tekið úr laginu.	Charcoal rich/peat ash layer overlying flattish large stones in B. Possible floor of another structure or collapse from wall. Area B possibly within building or layer outside, between the two buildings.	S#001
010	Mannvistarlag	A	29.7.2022	JB	Ljós fjólublátt lag undir (006). Mögulega það sama og lag (006).	Light purple layer under (006) and over gravel/natural, fine silty sand (018) & (007).	F#009

011	Grjóthrun		29.7.2022	KSR	Stórir steinar sem hafa að öllum líkindum verið hluti af byggingu. Steinarnir eru út um allt svæðið, frá yfirborði og niður, eftir að byggingin var sléttuð vegna vegagerðar.	Stones that have been pushed in every direction when the road was made. The stones appear all over the area from topsoil downwards. They appear to be have been structural and have been pushed around when the structure was demolished.	
012	Sandur		29.7.2022	JB/KSR	Laus gul-brúnn sandur með smá steinum á suðurenda uppgraftarsvæðisins. Mögulega hefur lagið verið notað sem sléttun fyrir Húsi 2 eða það sé hluti af skriðu. 1m breitt og um 10m langt.	Sandy material on south end of site. Loose yellowish brown silty sand with moderate small stones, possible leveling layer or landslide, structure C built on top of this.	

013	Blandað hrun og öskuhaugur	A	9.9.2022	KSR	Blandað lag innan í hólfi A. Lýtur út eins og öskuhaugsefni, mögulega það sama og (007). Miðlungs til laust, dökkbrúnt, fjólublátt, appelsínugult og rautt lag blandað af torfi og öskuhaugsefni, töluvert af litlum steinum. Lengd 2m+ breidd 2m+ og um 20cm djúpt.	Mixed material found inside A. In middle of site/house. Purple, yellow, orange crumbly silt and turf.	F#038
014	Blandað torf	C	12.9.2022	JB	Mögulega það sama og (002). Hart blandað, ljósbrúnt, siltað torf. Er hrun af (004/005), (014) er blandað (008). Bein (S#004) fannst í laginu, það gæti verið vegna vegagerðarinnar ofan við húsið.	Mixed silty turf under (008) inside of building C.	S#004



015	Blandað torf	B	12.9.2022	KF	Blandað appelsínugult torflag undir öskuhaug (007) og yfir móösku (020). Líklega er þetta lag hluti af öskuhaugnum, efni hefur verið hent í hauginn.	Orange layer beneath midden(007) & above peat ash (020). Likely part of the midden event. Samples of charcoal, shell and textiles & finds rich.	F#034, F#039, F#040, S#005, S#006, S#007, S#009
016	Gólf? Flatir steinar	A	14.9.2022	KSR	Mögulega hellulagt gólf innan í hólfi A, gæti líka verið hrun frá því að húsið var sléttað og einungis hluti af einum vegg er eftir. Flatir með hörðu gólfi (017) undir þeim. Engin sérstakur strúktúr var á steinunum.	Possible some kind of flooring within area A of house. Possibly collapsed or pushed down under/in (013).	

017	Gólf	A	14.9.2022	KSR	Mjög hart og þjappað gólf, dökk brúnt og svart með smá kolum og brenndum beinum. Lengdin var 1.8m, breiddin 1.5m og dýptin var að jafnaði um 0.03m(en allt að 0.1m) Rýmið er að öllum líkindum gamalt fjárhús, lagið var óvenjulegt en það var nánast eins og steinn.	Very hard compact floor layer possibly from trampling of animals. Most likely an old sheep house. Layer is very unusual because it is hard like stone. No finds in layer, sample taken.	S#017
018	VOID	VOID	VOID	VOID	VOID	VOID	VOID
019	Öskuhaugur		16.9.2022	JB	Hart fjólublátt öskuhaugslag með kolum og brenndum beinum, að jafnaði um 20cm þykkt. Í SV hluta uppgraftarsvæðisins.	Midden layer, greyish purple. On top of possible collapse (027) & below landslide/leveling layer (012).	F#056, F#058

020	Móaska/öskuhaugur	NV hluta uppgraftarsvæðis	19.9.2022	AR	Móöskulag sem er hluti af öskuhaugnum. Mið bleikt og appelsínugult lag, auðmulið með kolum og brenndum beinum. Lengd - 10m+, breidd - 10m og dýpt - 35cm.	Peat ash, most likely part of the midden, mid pink and orange, friable with charcoal and burnt bone. L - 10m+, W - 10m, D - 35cm.	F#047, F#048, F#049, F#052, F#053, F#054, S#011, S#013, S014
021	Sjávarmöl		19.9.2022	AR	Sjávarmöl, líklega náttúruleg.	Beach pebbles, possibly natural.	
022	Steinar í vegg	A	19.9.2022	KF/KSR	Steinar í torfveggi (023) í hólfi A. N og V hlið byggingarnar hafa skemmst við vegaframkvæmdir.	Large stones that make up S wall of area A, only wall showing of the structure.	

023	Torf	A	19.9.2022	KSR	Torf, mögulegur skuggi af veggjum á Húsi 1, en aðeins einn veggur er eftir af byggingunni. Torfið var þétt, appelsínugult, brúnt og rauðleitt. Torfið sést aðeins á vesturhlið en er mjög hrunið. Snið var tekið í gegnum lagið og sýndi það að torfið var mjög hreyft. Lengd - 3m+, breidd 1m og dýptin að jafnaði um 15cm.	Turf in possible walls of area A, only one wall is left of the building. Turf is possibly visible on the west side of the building but it is very collapsed, maybe a shadow of turf wall remaining on the west side. Possibly collapse of the wall that has been heavily disturbed. Section taken through layer shows heavy disturbance on turf, mixed with midden layers. *In SL 5A, midden deposit (028) overlies (023), although not visible in section.
-----	------	---	-----------	-----	--	---

024	Mögulegur öskuhaugur	C	29.9.2022	JB	Mögulega hluti af öskuhaugnum. Hart fjólublátt lag með stökum kolasmítum. Mögulega er þetta botninn á öskuhaugnum, situr ofan á mögulega náttúrulegum jarðvegi (025) og undir skriðu/sléttunarefni (012. Um 10cm djúpt.	Possible midden layer. Light purple. S of site. Maybe the first layer of the midden. Sits on top of possible natural (025) & then covered by landslide/leveling layer (012).	F#055
025	Náttúrulegt	C	29.9.2022	JB	Sterílt náttúrulegt lag sem finnst á öllu uppgraftarsvæðinu, undir öskuhaugnum. Sama og lag (026).	Sterile layer appears across site underneath midden. Same as layer (026).	
026	Sama og (025)	C	29.9.2022	JB	Sama og (025)	Same as (025)	
027	Mögulegt hrun	C	29.9.2022	JB	Mögulegt hrun úr Húsi 3. Torfið var þétt í sér, mið-appelsínugult og brúnt, 0.25m djúpt. Sama og (030).	Possible collapse of building D. Same as (030). Firm compaction, mixed orange brown. 0.25m deep.	

028	Öskuhaugur	A/B	4.10.2022	KF	Miðlungs-brúnt siltað jarðlag undir móöskulagi (020). Innihélt brennd bein og kol og er líklega hluti af öskuhaugnum, eða blanda af náttúrulegum jarðvegi og öskuhaugslögnum fyrir ofan.	Mid-brown silty deposit beneath peat ash layer (020). Contains burnt bone, charcoal and is likely some midden deposit, or a mixing of natural geology & the midden layers above. Visible in sections 5a and 1b. In SL 5A, (028) overlies (023) in the east side, and (021) in the west. Natural (026) is not visible in this section due to the slope (although (026) is above (021) in other areas).	S#015, S#016
029	Torfveggur	D	4.10.2022	JB	Mögulegur torfveggur á svæði D. Torfið er appelsínugult með svörtum og brúnum skellum og nokkuð hart í sér. Stærðin er 4.7x3.6m.	Possible turf wall located in area D. Wall contains large stones on either sides. Orange, black, brown mottling. Hard turf, 4.7x3.6m.	

030	Mögulegt hrun	D	4.10.2022	JB	Mögulegt hrun úr Húsi 3. Óskuhaugur (007) virðist liggja yfir því. Sama og lag (027).	Possible collapse of building (029). Midden (007) seems to overlay it. Same as layer (027).	
031	Steinar í vegg	D	4.10.2022	JB	Steinar í vegg byggingar D, veggurinn virðist hafa malarkjarna. Steinarnir eru á báðum hliðum veggjanna.	Stone wall of structure D. Seems to have a gravel core. Also made from turf (029). Stones are located on either side of the turf.	
032	Möl	N enda uppgriftarsvæðis	26.9.2022	KSR	Hreyfð sjávarmöl sem búið var að safna saman við norður enda uppgriftarsvæðis. Mögulega hefur þetta eitthvað haft að gera með vegagerð. Blanda af jarðvegi og möl, gæti hafa verið ýtt upp úr dældinni norðan við uppgriftarsvæðið. Lengd - 10m+, breidd 5m+, dýpt - 0.26m.	Redeposited natural sea gravel piled up in northern part of site. Possibly something to do with roadworks. Mixed soil and gravel possibly shoved up from dip north of site. L - 10m+, W - 5m+, D - 26cm.	

033	Jarðlag	N enda uppgraftarsvæðis	26.9.2022	KSR	Miðlungs-brúnt siltað jarðlag með litlum steinum og kolaflyksum, neðan við sjávarmöl (034). Gæti verið hreyfður jarðvegur eftir vegagerð. Lagið er sjáanlegt í prufuskurði 1 frá 2021. Lengd - 1.35m+, breidd - 0.75m, dýpt - 0.21m.	Medium brown silty layer, with smallstones and charcoal flecks, below seabeach gravel (032) and above seabeach gravel (034) seems to be shifted material from road construction. Layer visible in TP1 from 2021. L - 1.35m+, W-0.75m, D - 0.21m.	
034	Jarðlag	N enda uppgraftarsvæðis	26.9.2022	KSR	Blönduð sjávarmöl og silt, sést einungis í norðurenda uppgraftarsvæðis, lagið er undir (033) og er raskað. Miðlungs-dökk brúnt. Lagið er sjáanlegt í prufuskurði 1 frá 2021. Lend - 1.35m, breidd - 0.75m og dýpt 0.20m.	Mixed sea gravel and silt only visible in N end of site, layer is under (033), redeposited. Medium-dark brown. Layer is visible in TP1 from 2021. L - 1.35, W - 0.75m, D - 0.20m.	



035	Jarðlag	N enda uppgraftarsvæðis	26.9.2022	KSR	Siltaður dökk brúnn jarðvegur sem virðist vera hreyfður, stöku kolaflyksur í honum. Liggur yfir (036) í NV enda. Lagði sést einungis í NV horni prufuskurðar frá 2021, mögulega blanda af torfi og silti ofan við torflag (036). Ekki er hægt að sjá hvort þetta sé byrjun á eða hrun af annarri byggingu undir malarhólnum í norðurenda uppgraftarsvæðisins.	Silty dump of dark brown redeposited material, contains some charcoal flecks. Over (036) in the NW end. Layer only visible in NW corner of test pit 1 from 2021, possible turf and silt mix dump above turf layer (036). Not possible to see if it is start of/collapse from building under gravel mound in N end of site.	
-----	---------	----------------------------	-----------	-----	---	--	--

036	Jarðlag	N enda uppgraftarsvæðis	26.9.2022	KSR	Ljós drapplitað, brúnt jarðlag með kola-flykum. Liggur yfir móöskulagi (020) í N enda uppgraftarsvæðis. Sést í prufuskurði 1 frá 2021. Var talið að um væri að ræða torfvegg en með frekari rannsókn kom í ljós að svo var ekki. Mögulega er um gamalt yfirborð að ræða eða hrun úr byggingu sem gæti verið undir malarhólnum N við uppgraftarsvæðið. Appelsínugular flyksur í laginu.	Light beige, brown, contains charcoal flecks. Overlying peatash deposit (020) in N end of site. Visible in TP1 from 2021. Thought to be a wall, but with further investigation showed that it was not a wall. Possible surface (old) or collapse layer of a building located under gravel mound. Orange specks throughout and overlying pinkish peatash midden deposit (020). Only visible in TP1.	
037	Gólf? Lífrænt	D	4.10.2022	AR/JB	Þétt, blandað af svörtu og appelsínugulu. Með torfi og stöku kola-flyksum. Mögulega gólf í rými D, lyktar lífrænt. Lengd er 2.8m, breidd 1.8m og dýpt 0.34m.	Firm, mixed black and orange. With turf and rare charcoal flecks. Possible floor of area D, smells organic. L 2.8m, W 1.8, D 0.34m.	S#012, S#018

038	Gólf?	C	29.9.2022	JB	Hart appelsínugult lag með torfi í því og stöku kolaflyksum. Gæti mögulega verið það sama og (007) en er mun ljósara. Er aðeins til staðar innan rýmis C. 0.09m þykkt. Liggur ofan á flötum steinum og var mögulega talið gólfið í Húsi 2. Sást einungis í S hluta byggingunar, sést á dróna myndum.	Hard orange layer with turf in it and rare charcoals. Could possibly be the same as (007) but is a lot brighter. Only visible inside structure C. 0.09m thick. Lays on top of a flat stone so was thought to be possible floor of structure C. Only visible in S section of structure C. Visible in drone photos.	
039	Hrun	D	10.10.2022	JB	Hrun innan í Húsi 3, annaðhvort þak eða veggir. Þétt torf, ljós brúnt með appelsínugulum slettum. Um 0.10m þykkt.	Roof/wall collapse of structure D. Only found within building D. Firm turf, light brown with patches of orange. Around 0.1m thick.	
040	Hrun	D	10.10.2022	JB	Grjóthrun innan í Húsi 3. Blandað við hrun (030) & (027).	Stone collapse inside structure D. Mixed in with collapse (030) & (027).	

041	Öskuhaugur	D	10.10.2022	JB	Mjúkur ljós-fjólublár siltaður sandur með kolaflýksum. Mögulega fyrsti atburðurinn í öskuhaugnum. Virðist vera sama og (024). Óljóst hvort Hús 3 sé byggð ofan á (041). Svæðið gæti hafa verið notað sem öskuhaugur áður en D var byggt, og svo endurnýtt sem öskuhaugur eftir að húsið var aflagt.	Soft light purple silty sand with charcoal flecks. Potentially first midden event. Seems to be the same as (024). Unclear if structure D is built on top of (041). Area could have been used as a midden before construction of D, and then reused as a midden after its collapse.	F#057
042	Náttúruleg möl	Allt svæðið	10.10.2022	JB	Náttúruleg sjávarmöl, ofan við lag (026).	Natural beach pebbles above silting layer (026).	

043	Öskuhaugur	C/D	10.10.2022	KF	Þétt/þjappað dökkbrúnt, með fjólubláum blæ, silt. Með kolum, steinum, mögulegu torfi og móöskuslettum. Miðju öskuhaugs lagið, sést í prufuskuðri 5C. Ofan við (020), undir (015), bæði viðburðir í öskuhaugnum. Ríkt af kolum með mögulegum torfslikjum og móösku.	Firm/compact dark brown, with purple hue, silt. With charcoal, stone, possible turf and peat ash inclusions. Middle midden deposit seen in SL 5C. Above (020), beneath (015) - both midden activity. Charcole rich with some possible turf, peat ash. Likely deposition of charcoal rich/refuse rich material, during use of the midden.	F#062, F#063, F#064
044	Náttúrulegt	A/B/D	13.10.2022	JB	Ljósbrúnt sandkennt og malarkennt náttúrulegt jarðlag undir svæðum B, C & D. Sést einungis í norður enda uppgriftarsvæðisins. Prufuholur sýndu að það gekk beint niður á sjávarmöl.	Light brown sandy, stoney natural beneath D, C, B areas. Only visible in the north of site. Test holes showed it went straight onto beach pebbles.	

**11.2 Fundaskrá 2022**

Fundarnúmer	Context	Tegund	Hlutverk	Dagsetning	Nafn	Lýsing
1	002	Járn	Nagli	22.7.2022	JMG	Lítill járn nagli með rúnaðan haus, fannst í hruni
2	002	Keramik	Leirker	22.7.2022	JMG	Leirkers brot, mögulega úr lögn
3	003	Steinn	Lóð	22.7.2022	JMG	Stór steinn með gati í miðjunni, mögulega notað sem lóð
4	003	Járn	Nagli	22.7.2022	JB	Járn nagli
5	002	Járn	Þynna	22.7.2022	JB	Járn þynna
6	002	Járn	Nagli	22.7.2022	JB	Járn nagli
7	002	Járn	Nagli	22.7.2022	JB	Járn nagli
8	006	Járn	Óþekkt	29.7.2022	JB	Járn hlutur, fannst lagi (006), mögulega nagli?
9	010	Járn	Óþekkt	29.7.2022	JB	Óþekktur málmhlutur
10	007	Járn	Óþekkt	29.7.2022	JMG	Tvö brot af járn, mögulega hnífur?
11	002	Járn	Nagli	29.7.2022	JMG	Lítill járn nagli
12	002	Járn	Nagli	29.7.2022	JMG	Þrjú járn naglar
13	002	Steinn	Brýni	29.7.2022	KSR	Nútíma brýni, fannst í (002)
14	006	Kopar	Þynna	29.7.2022	KSR	Kopar þynna fundin í lagi (006). Tveir naglar eru í þynnunni, líklega lóm.
15	006	Járn	Nagli	29.7.2022	KSR	2x járn naglar, annar heill með haus, hinn með engan haus og L laga
16	006	Járn	Naglar	7.9.2022	JB	Þrjú naglar úr lagi (006)
17	006	Kopar	Krókur?	7.9.2022	JB	Kopar hlutur - mögulega krókur
18	002	Járn	Hnífur?	7.9.2022	KSR	Málm blað úr hruni (002)
19	002	Járn	Naglar	7.9.2022	KSR	Þrjú naglar úr hruni (002)

20	002	Járn	Óþekkt	7.9.2022	KSR	Lítill bútur af þunnum málmi, óþekkt hlutverk
21	005	Járn	Krókur	7.9.2022	KSR	Málm krókur, fannst í veggjatorfi (005)
22	002	Járn	Óþekkt	8.9.2022	KSR	Tveir járn hlutir með óþekkt hlutverk
23	002	Járn	Hnífur	8.9.2022	KSR	Hnífur, langur og oddmjór á öðrum endanum en meira rúnaður á hinum. Fannst í hruni (002)
24	002	Járn	Nagli	8.9.2022	JB	Járn nagli með brotinn bók en heill haus
25	002	Járn	Þynna	8.9.2022	JB	Járn þynna með litlum nagla í gegn. Fundin í hruni (002)
26	006	Járn	Nagli	8.9.2022	JB	Járn nagli
27	006	Járn	Óþekkt	8.9.2022	JB	Járn hlutur með óþekkt hlutverk
28	006	Járn	Nagli	9.9.2022	KF	Járn nagli
29	007	Kopar	Þynna	9.9.2022	KSR	Kopar þynna, fannst undir mögulegum vegg
30	002	Gjall	Gjall	9.9.2022	KSR	Gjall, fannst við enda steins, mögulega í vegg
31	002	Steinn	Óþekkt	12.9.2022	JB	Hringlóttur brenndur steinn
32	006	Járn	Óþekkt	12.9.2022	JB	Málm hlutur með óþekkt hlutverk. Fannst við vegg (004)
33	007	Járn	Nagli	12.9.2022	JB	Járn nagli
34	015	Járn	Handfang	12.9.2022	KF	Járn hlutur, mögulega handfang á hníf. 3 naglar í röð á hlutnum
35	007	Járn	Nagli	12.9.2022	KSR	3 naglar með ferhyrndum hausum. Fannst í (007) vestan við hús
36	007	Járn	Öngull	12.9.2022	JB	Mögulegur öngull, fannst í brekku rétt vestan við hús, lítur út fyrir að vera snúinn
37	006	Kopar	Óþekkt	13.9.2022	JB	Kopar hlutur með óþekkt hlutverk
38	013	Járn	Óþekkt	13.9.2022	KSR	Blandaðir járn hlutir
39	015	Steinn	Sleggja	13.9.2022	KF	Hringlótt fiskisleggja, hola í miðjunni og brotin
40	015	Járn	Nagli	13.9.2022	KF	Járn nagli úr lagi (015), fannst fyrir framan Svæði B
41	006	Járn	Nagli	14.9.2022	AR	Járn nagli úr lagi (006)
42	007	Járn	Nagli	14.9.2022	JB	Járn nagli
43	006	Járn	Óþekkt	16.9.2022	AR	Járn hlutur í tveimur pörtum, fannst í lagi (006)
44	007	Járn	Nagli	16.9.2022	KF	Járn nagli
45	007	Járn	Pinni	16.9.2022	KF	Pinni, smá beyglaður
46	006	Járn	Nagli	19.9.2022	AR	Járn nagli, fannst í lagi (006)
47	020	Steinn	Lóð	19.9.2022	KF	Óreglulegur steinn með boruðu gati efst fyrir miðju

48	020	Kopar	Þynna	19.9.2022	KF	Bogin kopar þynna með tveimur holum á einni hlið
49	020	Járn	Óþekkt	19.9.2022	KF	Óþekktur járnhlutur, langur og þunnur
50	007	Steinn	Kvarts	19.9.2022	KF	Rúnaður kvarts steinn
51	002	Járn	Óþekkt	19.9.2022	JB	Blandaðir járn hlutir
52	020	Keramík	Leirker	20.9.2022	KF	Brot af appelsínugulu leirkeri, brotið á öllum hliðum. Virðist vera gljá á einni hliðinni
53	020	Járn	Óþekkt	22.9.2022	AR	Beyglaður járn hlutur
54	020	Járn	Óþekkt	22.9.2022	AR	Járn hlutur með óþekkt hlutverk
55	024	Járn	Nagli	28.9.2022	JB	Járn nagli
56	019	Járn	Óþekkt	28.9.2022	JB	Mögulegir naglar og járn klumpur, fannst í öskuhaug
57	041	Járn	Nagli?	7.10.2022	JB	Mögulegur járn nagli. Fannst í yngsta lagi öskuhaugs
58	019	Járn	Öngull	7.10.2022	KF	Járn öngull, fannst í öskuhaug (019)

### 11.3 Fundaskrá 2023

Fundarnúmer	Context	Tegund	Hlutverk	Dagsetning	Nafn	Lýsing
1	020	Steinn	Lóð	26.5.2023	KSR	Stór steinn sem hefur eitt gat. Líklega notað sem lóð.
2	020	Kopar	Þynna	26.5.2023	AR	Kopar þynna með þremur nöglum og göt fyrir 4 nagla.
3	020	Steinn	Brýni	30.5.2023	AR	Brotið brýni, ferhyrnt, fundið í öskuhaugslagi.
4	043	Steinn	Lóð	30.5.2023	KSR	Steinn með gati, mögulegt steinlóð eða kljásteyn.
5	043	Járn	Pinni	30.5.2023	AR	Smár og þunnur járnþinni, brotinn.
6	043	Járn	Pinni	30.5.2023	AR	Smár þinni L-laga, flatur í báða enda. Virðist frekar nútímalegt.
7	020	Járn	Nagli	31.5.2023	KSR	Þykkur járn nagli eða einhverskonar þinni.
8	020	Járn	Nagli	31.5.2023	KSR	4 x járn naglar. 3 hafa haus og búka en einn er bara búkur.



## 11.5 Sýnaskrá 2022

Númer	Context	Tegund	Dagsetning	Nafn	Lýsing
1	009	Kol	29.7.2022	KSR	Kol fundin í lagi (009), utan við byggingu í norðri. Mögulega í gólfi á öðru rými
2	007	Bein	29.7.2022	KSR	Mjög flatt/skemmt bein sem fannst í NV horni byggingar 1
3	007	Bein/tönn	8.9.2022	KSR	Dýratönn, fannst í öskuhaugs lagi undir (006)
4	014	Bein	12.9.2022	JB	Dýrabein fannst innan í byggingu (004)
5	015	Skel	14.9.2022	KF	2 skeljabrot úr lagi (015) yfir (020) (Hús 2)
6	015	Kol	14.9.2022		Kol fundið í Svæði B, lagi (015) yfir öskuhaug
7	015	Textíll	14.9.2022	KF	Gul-brúnn textíll (hringlaga) úr lagi (015)
8	006	Bein	14.9.2022	AR	Fiskibein fundin í lagi (006) yfir öskuhaug
9	015	Textíll	15.9.2022	AR	Gul-brúnn textíll úr lagi (015)
10	007	Viður	16.9.2022	AR	3 litlir bútar af við, fundust í öskuhaug
11	020	Bein	20.9.2022	KF	Stórt brot af beini úr móöskulagi (020)
12	037	Skel?	20.9.2022	AR	Möguleg skeljabrot. Fundust í vestur enda prufuskurðar á svæði D, í neðsta laginu
13	020	Kol	22.9.2022	KSR	Kol úr móöskulagi, mögulega að fleyta. Lítil brot af við
